

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2018.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem endurskoðendaráði var boðið að senda umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun, 312. mál.

Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um endurskoðendur þar sem lagt er til að innleidd verði í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila nr. 2014/56/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 um endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum.

Mikilvægt er að reglur sem gilda um endurskoðun séu sem líkast því sem gerist í löndunum í kringum okkur og að ekki sé um séríslenskar reglur að ræða. Á samræmi við það fagnar endurskoðendaráð því að texti frumvarpsins hafi verið færður nær því sem gerist í nágrannalöndum okkar og að í 14. gr. frumvarpsins sé nú kveðið á um að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að í 16. gr. frumvarpsins sé kveðið á um það að áritun skuli vera í samræmi við lög, reglur og góða endurskoðunarvenju. Með vísan til þess sem fram kemur í 14. gr. frumvarpsins, þar sem góð endurskoðunarvenja er skilgreind, og greinargerðar með frumvarpinu verður að telja að með þessu sé ekki verið að draga úr vægi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla, enda eru þeir hluti af góðri endurskoðunarvenju.

Endurskoðendaráð telur mikilvægt að umræddar Evrópugerðir verði innleiddar í íslenskan rétt sem fyrst. Þó bendir endurskoðendaráð á að með því að mæla fyrir um það í 42. gr. frumvarpsins að ákvæði reglugerðar nr. 537/2014 skuli hafa lagagildi hér á landi geta skapast vandkvæði við túlkun og framkvæmd laga um endurskoðendur þar sem önnur hugtök eru notuð í reglugerðinni en í frumvarpinu og almennt í íslensku máli. Bendir endurskoðendaráð sérstaklega á að í reglugerðinni er hugtakið gæðatrygging notað í stað gæðaeftirlits og er miður að ábendingar sem lágu fyrir um breytingar á þýðingu frá reyndum endurskoðendum hafi ekki verið teknar til greina við vinnslu þýðingarinnar.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að gerðar verði breytingar á ýmsum ákvæðum sem reynst hafa gölluð í framkvæmd. Telur endurskoðendaráð þetta mikilvægt. Sérstaklega bendir

endurskoðendaráð á mikilvægi þess að lögfesta ítarlegri ákvæði um viðbrögð og viðurlög við brotum á lögum um endurskoðendur, en þau ákvæði sem eru í núgildandi lögum hafa reynst alls kostar ófullnægjandi.

Virðingarfyllst,

Áslaug Árnadóttir,
formaður endurskoðendaráðs